



## Fundargerð

### 42. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

42. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 16. nóvember 2018 í Kirkjuhvoli í Garðabæ og hófst fundurinn kl. 13:00.

#### 1. Ávarp gestgjafa og setning

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar, setti fund og ræddi um mikilvægi þess að þeir sem eru í sveitarstjórnarmálum á höfuðborgarsvæðinu vinni vel og þétt saman. Þar væru samgöngumál ofarlega á baugi og höfuðborgarsvæðið þyrfti að vera sterkari sem eining og Áslaug ræddi einnig um hversu lítið fjármagn hefur farið í nýframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu í samgöngumálum.

Ármann Kr. Ólafsson, bærarstjóri Kópavogs og formaður stjórnar SSH, stýrði kjöri fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri var kjörinn Gunnar Valur Gíslason, forseti bærarstjórnar Garðabæjar. Fundarritari var kjörinn Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri Garðabæjar.

#### 2. Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum SSH

##### 1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár

Ármann Kr. Ólafsson, formaður stjórnar SSH, flutti skýrslu um liðið starfsár. Alls voru haldnir 12 hefðbundnir stjórnarfundir en auk þess voru fjölmargir aðrir fundir s.s. fundir vegna viðræðna við Sorpstöð Suðurlands um mögulega lausn á sameiginlegum urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og hugmynda um samstarf fjögurra sorpsamlaga. Samstarfið á liðnu ári gekk vel og árið gott að mörgu leyti að mati formanns en nefndi að endurskoðun eigendastefnu byggðasamlaganna er eitthvað sem þarf að huga betur að.

##### 2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaks ár

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, fór yfir helstu tölur úr ársreikningi fyrir árið 2017. Í máli Páls kom fram að kjarnastarfssemi SSH er borinn upp af tveimur þáttum, framlögum frá Jöfnunarsjóði og árgjöldum sveitarfélaganna til að standa að rekstrinum.

Ársreikningur 2017 var lagður fram til kynningar.

Framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2017 sem lá fyrir í fundargögnum.

Helstu niðurstöður eru þessar:

**Rekstrareikningur:**

Rekstrartekjur kr. 42.821.050,-

Rekstrargjöld kr. 41.215.406,-

Fjármunatekjur/ gjöld þús. kr. 888.389,-

Afkoma ársins. kr. 2.494.033,-

**Efnahagsreikningur:**

Eignir kr. 117.082.608,-

Eigið fé kr. 16.050.768,-

Skammtímaskuldir kr. 101.031.842,-

Eigið fé og kuldir samtals kr. 117.082.608,-

**3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár**

Framkvæmdastjóri SSH fór yfir og skýrði tillögur stjórnar SSH að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir sams konar starfsemi og áður á skrifstofu SSH, óbreyttur rekstur að því frátöldu að stjórn leggur til breytingu á árgjöldum. Viðbótarfjármagn vegna þessa verða um 4 milljónir.

*Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun. Til máls tóku:*

Dagur B. Eggertsson, Reykjavík, þakkaði fráfarandi formanni Ármanni Kr. Ólafssyni fyrir hans störf og Páli Guðjónssyni og starfsfólki SSH fyrir vel unnin störf.

Guðmundur G. Geirdal, Kópavogi, ræddi um sorpmál sem hafa verið ofarlega á baugi og um stað til að urða sorp á höfuðborgarsvæðinu, einnig ræddi hann um plast og mengun örplasts í sjónum og um hreinsun á skólpi.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sagði frá viðræðum við formann Sorpu um fyrirhugaðan fund þar sem rætt verður um framhald umræðna um sorpstöð á Suðurlandi.

Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogi, ræddi um sorpmálin og um plasmengun.

Tillaga stjórnar SSH um að árgjald sveitarfélaganna 2019 til samtakanna verði 70 kr. á hvern íbúa var lögð fram til atkvæðagreiðslu. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**4. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins löggilts endurskoðanda**

Tillaga var lögð fram um að skoðunarmenn reikninga verði Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ.

Í tillögnum er líka lagt til að endurskoðandi verði KPGM endurskoðun.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 5. Önnur mál sem stjórn SSH eða einstök sveitarfélög óska eftir að tekin verði til umræðu á aðalfundi

Líf Magneudóttir, Reykjavík, tók til máls og ræddi um sorpmál og hvort hægt væri í gegnum vettvang SORPU að hafa samræmingu á sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu.

### 3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH, kynnti og sagði frá sameiginlegri vinnu Sveitarstjórnarráðuneytisins, Vegagerðarinnar og SSH við mótun tillagna að aðgerðum til úrbóta á samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins. Í glærुकynningu fór Hrafnkell m.a. yfir vinnu liðins árs og viljayfirlýsingu Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og SSH frá 21. september 2018 um viðræður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Tillögur stýrihópsins um samgöngumál verða kynntar opinberlega síðar í nóvember.

*Umræður og til máls tóku:*

Guðmundur G. Geirdal, Kópavogi, ræddi um þvott á götum og hvernig það geti komið í veg fyrir svifryk.

Sveinn Óskar Sigurðsson, Mosfellsbæ, ræddi um fjármálin í tillögum stýrihópsins og spurði um áhrif þess á fjárfestingaráætlanir hvers sveitarfélags í tengslum við fjárhagsáætlunarvinnu.

Vigdís Hauksdóttir, Reykjavík, ræddi um samgöngumál sem voru mikið til umfjöllunar fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Einnig ræddi Vigdís samning um eflingu almenningssamgangna frá 2012 og gagnrýndi efni hans og spurði hvernig yrði með nýjan samning.

Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði, sagði frá því að í skoðun hefur verið í Hafnarfirði að kaupa færanlega stöð til að mæla svifryk og að það skipti verulega máli að mæla og að hreinsa göturnar betur. Helga sem er nýr stjórnamaður í stjórn Strætó ræddi einnig um almenningssamgöngur og að þær þyrftu að vera raunverulegur valkostur.

Dagur B. Eggertsson, Reykjavík, lýsti yfir ánægju með störf þeirra sem hafa verið í þessari vinnu undanfarin misseri. Hann ræddi einnig almenningssamgöngur, valkosti og breytingu á ferðavenjum, og um fjölgun hjá notendum Strætó auk aukningar í annarri umferð. Dagur ræddi einnig um samninginn sem var gerður um eflingu almenningssamgangna árið 2012 og um framkvæmdir sem voru ekki inni á samgönguáætlun þess tíma.

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH, svaraði fyrirspurnum sem komu fram. Hrafnkell ræddi um aðgerðir í svifryksmálum og um villandi umræðu um hlutdeild eða fjölda þeirra sem nota almenningssamgöngur og þá sérstaklega á aðalalagstímum á stóru samgönguæðunum. Einnig ræddi Hrafnkell um breytingar á heildarleiðakerfi Strætós og að horfa þurfi til þess hvernig Strætó getur nýtt sér Borgarlínuna.

Gunnar Einarsson, Garðabæ, ræddi um samning frá 2012 um eflingu almenningssamgangna og tók ekki undir framkomna gagnrýni á hann. Einnig ræddi Gunnar um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu, umferðarmannvirki, samgönguáætlun og fjármagn til vegaf framkvæmda og spurði um umræðu innan

stýrihópsins um gjaldtöku. Gunnar ræddi um samgöngumál í Garðabæ og mikilvægi þess að það komi stokkur við Hafnarfjarðarveg.

Hrafnkell Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH, ræddi um að stýrihópurinn hafi verið að skoða nýjar leiðir að gjaldtökum en annar starfandi hópur hafi ekki skilað tillögum um það enn.

Vigdís Hauksdóttir, Reykjavík, ræddi á ný um samninginn frá 2012 um eflingu almenningsgangna og vegaf framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Vigdís ræddi einnig um fjármögnun á vegaf framkvæmdum og aðkomu ríkisins og sagðist ekki hlynt vegagjöldum almennings.

#### **4. SSH – samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu**

##### **a) Núverandi staða og verkefni**

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, fór yfir núverandi stöðu og verkefni SSH. Í kynningu Páls var farið yfir helstu verkefni, sóknaráætlanir, vatnsvernd og skipulagsmál og stjórnarsýslulegt hlutverk SSH. Páll fjallaði um markmið samtakanna og samanburð við önnur landshlutasamtök. Hann ræddi framlög ríkisins til sóknaráætlana og hlut höfuðborgarsvæðisins í því. Einnig fór hann yfir samþykktir SSH og ræddi um vöktun á stefnum og straumum og hagsmunagæslu. Í lok kynningar greindi Páll frá því að hann muni láta af störfum næsta vor en vinnur áfram þar til nýr framkvæmdastjóri verður ráðinn.

##### **b) Nýjar áskoranir? Nýjar áherslur**

Ármann Kr. Ólafsson, fráfarandi formaður stjórnar SSH, fór yfir verkefni framundan, þar á meðal um samninga við ríkið um vegaf framkvæmdir, nýjar lausnir í úrgangsmálum og samræmingu í því á höfuðborgarsvæðinu með góðu samráði og samvinnu. Ármann ræddi m.a. um almenningsgangur, Borgarlínu og um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Einnig ræddi Ármann um lýðræðishalla innan Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvernig hægt væri að efla SSH. Ármann ræddi um talnagrunn SSH sem hefur vaxið á undanförunum árum og vilja til að efla þann grunn enn frekar. Hann þakkaði stjórn SSH fyrir gott samstarf og þakkaði einnig Páli og starfsfólki SSH fyrir samstarfið.

Umræður um erindin voru tekin fyrir undir liðnum almennar umræðu.

#### **5. Formannskipti**

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, greindi frá því sem stendur í samþykktum SSH um formannskipti. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn og skipta aðildarsveitarfélögin með sér formennskunni. Næsti formaður stjórnar SSH er Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Rósa Guðbjartsdóttir tók til máls og færði Ármanni þakkir fyrir vel unnin störf fyrir hönd stjórnarinnar. Hún ræddi einnig um fjölmargar áskoranir framundan í samgöngumálum, sorpmálum, um aukið samstarf í húsnaðismálum og um nú þegar gott samstarf í velferðarmálum og fræðslumálum.

*Kaffihlé*

## 6. Almennar umræður

*Til máls tóku:*

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Reykjavík, ræddi um breyttar ferðavenjur og spennandi tíma framundan við að byggja upp hágæða almenningssamgöngur og móta framtíðina.

Birkir Jón Jónsson, Kópavogi, ræddi um yfirbragð á þessum fundi í samanburði við fundi landshlutasamtaka og hvernig væri hægt að bæta fyrirkomulag þessa fundar, t.d. með því að halda vinnufundi um ákveðin málefni í tengslum við þennan fund og skoða hvort bjóða ætti þingmönnum höfuðborgarsvæðisins með. Einnig ræddi hann um samtal um samræmingu á sameiginlegri sýn á sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu.

Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfirði, tók undir að skoða mætti hvernig hægt væri að gera meira úr þessum aðalfundi og hvort það ætti einnig að hafa vinnufundi í tengslum við hann. Einnig ræddi hún um að það þyrfti að formfesta betur samskipti og fundi með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins.

Gunnar Einarsson, Garðabæ, ræddi einnig um samskipti við ríkið og þingmenn og tók undir að skoða ætti hvernig hægt væri að þetta aðalfund SSH. Mikilvægt væri að efla samtökin enn frekar út frá tölfræðilegum gögnum og vera miklu sterkara afl gagnvart ríkinu, eiga þyrfti meira samtal við ráðherra og þingmenn. Gunnar ræddi einnig um niðurstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga í bankaskattsmálinu, Jöfnunarsjóð og vöntun á fé til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu sem og sums staðar annars staðar á landinu.

Sveinn Óskar Sigurðsson, Mosfellsbæ, ræddi einnig um samskipti við þingmenn og að fylgja málum eftir við þá.

Sara Dögg Svanhildardóttir, Garðabæ, ræddi um áhuga á samstarfsverkefnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Einnig ræddi Sara Dögg um leiðir sem stjórn SSH gæti tekið áfram í að efla nýliða í stjórn málum sveitarfélaga.

Sigurþóra Bergsdóttir, Seltjarnarnes, ræddi velferðarmál og málefni heimilislausra sem kæmi öllum sveitarfélögum við. Einnig ræddi hún um málefni fatlaðra og hvernig hægt væri að hafa sameiginlega sýn á þessum málum.

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, fór yfir ýmis mál sem voru rædd á undan og ræddi um fjölda stjórnarmanna af höfuðborgarsvæðinu í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og í ýmsum ráðgefandi nefndum. Einnig ræddi Guðjón um vöktun á þingmálum.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, Seltjarnarnesi, tók undir fyrri umræðu um hvernig hægt væri að nýta aðalfundi SSH betur í umræðu um stefnumótun. Einnig ræddi Guðmundur Ari um samskipti við ríkið, samstarfsvettvang starfsfólks sveitarfélaga og hvernig hægt væri að virkja raddir unga fólksins á þessum vettvangi með virku samstarfi ungmennaráða á svæðinu.

Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfirði, ræddi um samstarf og samráð á milli sveitarfélaga og nefndi þar gott samstarf á velferðarsviði, hjá skólanefnd og vinnu sem er í gangi

vegna utangarðsfólks. Hún greindi frá því að á skrifstofu SSH hafa verið haldnir 180 fundir það sem af er á þessu ári þar sem starfsmenn sveitarfélaga eiga ákveðinn vettvang. Rósa tók undir að það væri góð hugmynd að virkja betur unga fólkið.

Skúli Helgason, Reykjavík, ræddi um bankaskattsmálið og fyrirheit um að sveitarfélög sem höfðu orðið fyrir tekjutapi fengju það bætt en svo var niðurstaðan önnur. Skúli ræddi einnig um að sóknaráætlun hefði gert okkur kleift að vinna að t.d. Borgarlínuverkefninu en áður var meira fjármagn frá ríkinu í sóknaráætlun sem var notað í mörg mjög góð verkefni. Fá þyrfti sameiginlega fundi með þingmönnum til að fylgja eftir svona málum.

Líf Magneudóttur, Reykjavík, ræddi um málefni barna með annað móðurmál en íslensku og hvernig við gætum unnið vel saman að því að taka á móti fólki af erlendum uppruna sem kemur hingað. Hún ræddi einnig Jöfnunarsjóð og um að Reykjavík fengi ekki pening í nýbúakennslu.

Karen Halldórsdóttir, Kópavogi, ræddi um Jöfnunarsjóð og framlög vegna nýbúakennslu.

Gunnar Einarsson, Garðabæ, ræddi um jafnvægi nefndarmanna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hann ræddi einnig átakamál framundan sem væri gistináttagjaldið. Einnig ræddi Gunnar um sóknaráætlun og afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnvart samgönguáætlun.

Guðmundur G. Geirdal, Kópavogi, ræddi um samanburð útgjalda til samgöngumála og vegaf framkvæmda höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sagði frá fyrirhuguðu námskeiði fyrir kjörna fulltrúa hjá Sambandinu í næstu viku. Einnig ræddi hann sérályktun landsbyggðarmanna um bankaskattsmálið. Guðjón ræddi einnig um sorpmál og pólitíska sýn varðandi flutning á sorpi annað.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kópavogi, ræddi samstarf um samgöngumál og sameiginlegt samgönguplan og hvernig væri hægt að mynda góðan þrýstihóp um svæðið frá Keflavíkurflugvelli niður í miðbæ.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, ræddi um fundi starfsmanna sveitarfélaga og um samstarf sem er þegar til staðar og greindi frá því að skrifstofan væri opin öllum starfsmönnum sem vilja funda þar. Einnig ræddi hann um góðar umræður á fundinum sem væri gott veganesti fyrir nýja stjórn til að vinna úr.

#### Fundarslit

Rósa Guðbjartsdóttir, nýr formaður stjórnar SSH, þakkaði fyrir góðan fund og umræður. Hún hvatti jafnframt fundargesti sem vilja koma með góðar hugmyndir inn í samstarfið að gera það með því að hafa samband við sig eða í gegnum fulltrúa síns sveitarfélags í stjórn SSH.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl.16:10.